

**Nd. 497. Frumvarp til laga [198. mál]**

um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

**1. gr.**

1. málsgrein 4. greinar laganna orðist svo:

Stjórn síldarverksmiðja ríkisins skal skipuð 7 mönnum til þriggja ára í senn, sem hér segir: Sameinað Alþingi kýs fimm menn hlutbundinni kosningu, en ráðherra skipar tvo menn, annan eftir tilnefningu Landssambands íslenskra útvegsmanna og hinn eftir sameiginlegri tilnefningu Alpýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambands Íslands. Varamenn skulu kosnir og skipaðir á sama hátt. Eigi skal þó kveðja varamann til starfa, nema aðalmaður óski þess eða hafi fallið frá. Noti aðilar ekki rétt sinn til tilnefningar aðalmanns eða varamanns, skipar ráðherra þá án tilnefningar. Stjórnin kýs sér sjálf formann. Umboð núverandi stjórnar síldarverksmiðja ríkisins fellur niður 15. maí 1967.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Landssamband íslenskra útvegsmanna, Alpýðusamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Sjómannasamband Íslands hafa sameiginlega farið þess á leit við sjávarútvegsmálaráðuneytið, að það beiti sér fyrir því, að lagt verði fyrir Alþingi frumvarp það, sem hér er lagt fram, en með frumvarpinu, ef samþykkt verður, fá útvegsmenn og sjómenn aðild að stjórn Síldarverksmiðja ríkisins. Ósk þessara aðila fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Það er ósk vor, að Landssamband ísl. útvegsmanna fái að tilnefna einn fulltrúa í stjórn verksmiðjanna og Sjómannasamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband og Alpýðusamband Íslands tilnefni sameiginlega einn fulltrúa.

Á fjölmönnum fundi síldarsjómannna, sem haldinn var í nóvember s. l. á Reyðarfirði, var samþykkt að óska eftir því, að samtök sjómanna og útvegsmanna fái aðild að stjórn síldarverksmiðja ríkisins.

Á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna, sem haldinn var í Reykjavík dagana 30. nóvember til 2. desember s. l., var samþykkt að óska eftir aðild útvegsmanna og sjómanna að stjórn verksmiðjanna.

Vér leyfum oss að minna á, að síldarverksmiðjur ríkisins voru stofnaðar til þess að annast þjónustu við síldveiðiflotann og hafa þær rækt það verkefni alla tíð síðan. Útvegsmenn og sjómenn eiga mikilla hagsmuna að gæta, að verksmiðjurnar séu reknar með sem mestri hagsýni.

Vér teljum eðlilegt, að útvegsmönnum og sjómönnum verði veitt aðstaða til þess að koma tillögum sínum og athugasemdum á framfæri innan verksmiðjustjórnarinnar. Það myndi verða til þess að fyrirbyggja misskilning og draga úr tortryggni í garð verksmiðjanna og auka víðsýni verksmiðjustjórnarinnar um mál-efni þeirra.

Vér leyfum oss að vænta stuðnings hæstvirts ráðuneytis við málaleitun vora.“